

Fundur í Gamma deild 10. nóvember 2009

Staður: Gamla Pósthúsið, Brúnavegi 8

Efni: Starfsemi Delta Kappa Gamma í alþjóðlegu samhengi

Fundartími: kl. 20-22:15

Fundarmenn: Anh-Dao Tran, Björg Eiríksdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, Kristrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Kjeld, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Sigrún Aðalbjarnardóttir eldri, Stefania Arnórsdóttir, Stella Guðmundsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Gestir fundarins voru: Sigrún Klara Hannesdóttir, María Pálmadóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Hildur Skarphéðinsdóttir.

Sigrún Klara sagði frá Alþjóðasamtökum Delta Kappa Gamma sem stofnuð voru sem samstarfsvettvangur fyrir konur sem sinna menntamálum á mjög breiðum grundvelli. Tilgangurinn var að sinna hvers kyns faglegum verkefnum og viðfangsefnum.

Samtökin voru stofnuð 11. maí, 1929 í Austin í Texas af 12 konum. Félagið er því 80 ára í ár. Nú eru samtökin í 16 löndum. 17 landið Panama bættist við þann 27. nóvember 2009.

Langflestir félagar eru í Bandaríkjunum 113.000 (eða um 98%)

Sigrún Klara lýsti áhuga sínum á að efla samtökin í Evrópu. Hún vill líka vinna að því að losa um hefðir og gera samtökin frjálslægri en þar er við ramman reip að draga.

Hún sagði að starfsemi deilda, landssambanda og svæða verði alltaf að taka mið af markmiðum samtakanna en þó skuli laga þau að aðstæðum á hverjum stað.

Hún sagði frá þeim kröfum sem gerðar eru til félaga, en þær eru:

- Persónuleg virðing gagnvart samtökunum
- Virkni og þátttaka á öllum stigum samtakanna
- Taka þátt í stjórnun og verkefnum
- Mæta á fundi, ráðstefnur og þing sem samtökin efna til
- Stuðla að framgangi markmiða og hlutverka

Hún benti okkur á að kynna okkur vel það sem er í boði fyrir okkur félagana á alþjóðavettvangi. Svo sem:

- Námsstyrki
- Útgáfurit
- Leiðtogaþjálfun
- Tækifæri til fræðslu og þekkingar

- Tengsl við félagi í öðrum löndum

- Ferðalög og ráðstefnur

Glærur frá fyrirlestri Sigrúnar Klöru verður hægt að nálgast á heimsíðu samtakanna.

Í lok fundar kórlásu fundarkonur tvö kvæði undir stjórn Ingibjargar Einarsdóttur.

Fundi var slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Jóhanna Einarsdóttir